



HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ársskýrsla

Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands

2023

17. apríl 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennar upplýsingar	2
Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns	3
Fjármál	3
Áskriftir og innkaup.....	4
Kennsla og heimildaleitir.....	6
Innlent samstarf.....	6
Erlent samstarf.....	8
Mannauður	8
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður	9
Viðaukar.....	9

Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi, að frátöldum árunum 2016 til 2019 þegar starfsemin var flutt að Rauðarárstíg 10 vegna rakaskemmda í Eirbergi. Þann 9. september 2019 flutti safnið aftur á fornar slóðir í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan þjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns. Annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabíl í Eirbergi, rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi árs 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar undirritaður var samningur á milli rektors HÍ og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildi frá 2014-2018. Samningurinn var endurnýjaður 2019 til 5 ára og endurnýjast sjálfkrafa að loknum þeim tíma nema honum verði sagt upp.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er til húsa í Eirbergi, 1.hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450.

Netfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins er [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Workplacesíðan er [Bókasafn - Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir Vísindadeildar Landspítala og Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Stjórnin hélt einn fund á árinu, þann 11. maí 2023. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 6 í skýrslu þessari.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Safnið er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum.

Bókasafnið sinnir öllum hefðbundnum störfum sem unnin eru á spítala- og rannsóknarbókasöfnum. Þar má helst telja samninga um aðgang að rafrænum og prentuðum gögnum og upplýsingamiðlum sem og innkaup þeirra. Umsjón aðgangsstýringar og framsetning gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan máta. Skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þjónustan felur m.a. í sér kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna, heimildaleitir, millisafnalán, greinapjónustu og almenna aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun.

Starfsfólk bókasafnsins hefur tekið þátt í undirbúningi útgáfu vísindaskýrslu Landspítala. Auk árlegrar söfnunar upplýsinga um útgefið efni starfsfólks spítalans eins og fyrri ár, þá hefur verið safnað saman fleiri tölulegum upplýsingum s.s. fjölda doktors- og meistaranema. Þá hefur safnið tekið ríkari þátt í sjálfri útgáfu skýrslunnar. Þá sér bókasafnið sér um skráningu útgefinna vísindagreina í Írisi, upplýsingakerfi rannsókna sem er grunnur að vinnu við vísindaskýrslu.

Fjármál

Á árinu 2023 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins 147,6 milljónir króna (sem er um 8 milljónum hærra upphæð en árið 2022). Heildarkostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna, þ.e. séráskrifta sem og landsaðgangs og samlagsáskrifta, nam um 132,9 milljónum króna sem er um 5 milljónum hærra fjárhæð en fyrra ár, eða um 4%. Sú hækkun skýrist af hækkunum hjá útgefendum og gengisbreytingum en vert er að minna á að öll áskriftargjöld eru innheimt í erlendri mynt og lunginn af áskriftunum greiddur í janúar til desember. Ekki var farið í markvissan niðurskurð áskrifta eins og flest undanfarin ár vegna aðhaldskröfu enda má segja að lengra verði ekki gengið eftir uppsagnir undanfarinna ára.

Launakostnaður á árinu nam um 48 milljónum króna.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um langt árabil gert samninga við ýmsar stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Þjónustusamningar voru sjö talsins eins og undanfarin ár. Þjónustusamningum hefur fækkað mikið undanfarin ár en þess má geta að á árinu 2014 gerðu 14 stofnanir samning við bókasafnið. Greiðslur til safnsins vegna þjónustusamninga námu 3,4 milljónum króna á árinu 2023.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Engin ný gagnasöfn voru tekin í áskrift á árinu 2023.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Ein rafbók var keypt og önnur tekin í áskrift á árinu. Sjá bls. 9

Rafbókakosturinn í séreign safnsins er nú um 430 titlar en margar þeirra orðnar mjög gamlar. Þar fyrir utan er aðgangur að fjölda rafbóka á heilbrigðissviði í gegnum þátttöku safnsins í landsaðgangi að rafrænum gögnum.

Rafbækur, bæði séreign safnsins, landsaðgangsbækur og bækur í opnum aðgangi, má nálgast á þessari slóð: <http://gegdir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/ebooksearch?lang=ice>

Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US

Bækur, prentaðar

Á árinu 2023 var keypt ein prentuð bók, sjá bls. 9.

Upplýsingar um prentaðar bækur safnsins má finna í Gegni (leitir.is)

Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2023 var vel á sjötta hundrað titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti strax við útgáfu þess. Allar áskriftirnar eru rafrænar. Í tímaritapökkunum frá OVID, LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum eru líka, auk „current“ tímarita, fjöldi eldri titla sem ekki koma lengur út. Fjöldinn er breytilegur frá ári til árs og ekki unnt að gefa upp eina endanlega tölu. Til viðbótar við ofangreindar séráskriftir er safnið með fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Á árinu bættust fimm tímarit við séráskriftir safnsins. Þar af voru þrjú sem varð að bæta við þar sem útgefendur höfðu ákveðið að selja einungis áskriftir í pökkum, þ.e. ekki var hægt að taka einstaka titla í áskrift. Sjá nýja tímaritatitla í viðauka bls. 9.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang sem og tímaritum í opnum aðgangi sem skráð eru í DOAJ.

- Endurnýjanir

Almennt séð gengu samningar við erlenda útgefendur vel en tóku tímann sinn líkt og fyrri ár. Flestir útgefendur hækkuðu áskriftargjöld nokkuð, prósentustigið var afar misjafnt en nokkrir buðu sömu verð í erlendri mynt eins og algengt var á covid árunum.

Eins og fram kemur í kaflanum Fjármál þá var ekki gerð niðurskurðarkrafa til bókasafnsins á árinu.

Eins og áður nýtir safnið sér þjónustu birgja, Prenax, til að sjá um áskriftir að titlum hjá vissum útgefendum. Yfirleitt er um einstaka titla hjá litlum útgefendum eða fagfélögum að ræða þó einnig séu dæmi um stærri áskriftapakka hjá einhverjum útgefendum. Bókasafnið sjálf sér um nokkurn fjölda beinna samninga við útgefendur um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra stóra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita hjá hverjum og einum, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Oxford, Wiley og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við ríflega 20 erlenda útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindabókasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis um síðustu aldamót. Greiðsluhlutdeild Heilbrigðisvísindabókasafnsins í landsaðgangi árið 2023 nam um 26,2 milljónir króna.

Þá er áskrift að gagnasafninu Cinahl greidd sameiginlega af safninu og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna. Árið 2023 greiddi Heilbrigðisvísindabókasafnið 24% kostnaðar eða um 200.000 krónur.

Gagnagrunnurinn Scopus er keyptur í samlagi Landspítala með fjórum háskólum HÍ, HR, HA og LBHÍ auk fimm annarra rannsóknarstofnana. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindabókasafnsins árið 2023 í áskrift að Scopus var rúmlega 4,4 milljónir króna.

Háskólar og rannsóknarstofnanir á Íslandi reka í samstarfi frá árinu 2021 upplýsingakerfi um rannsóknir á Íslandi. Kerfið nefnist IRIS/Pure. Greiðsluhlutdeild safnsins í áskriftargjöldum vegna kerfisins árið 2023 nam um 1,5 milljónum króna.

Kennsla og heimildaleitir

Starfsfólk Heilbrigðisvísindabókasafnsins tekur að sér kennslu háskólanema innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ og er ekki tekin sérstök greiðsla fyrir hana heldur fellur hún undir samninginn milli stofnananna um rekstur safnsins.

Námskeiðin fyrir háskólanemana eru nánast alltaf hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor.

Alls voru kenndar 91 kennslustund innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2023 og er það fækkun um 16 kennslustundir frá 2022. Fjöldi nemenda á námskeiðunum var 852 sem er fækkun um 33 frá fyrra ári.

Haldnar voru fjórar kynningar og námskeið sérstaklega fyrir starfsfólk spítalans. Þátttakendur voru 37 talsins.

Undanfarin fjögur ár hefur verið tekinn saman fjöldi þeirra sem notið hefur einstaklingsbundinnar kennslu sem og fjöldi heimildaleita fyrir viðskiptavini. Á árinu 2023 fengu 46 aðilar einstaklingsbundna kennslu og gerðar voru 15 heimildaleitir. Algengast er að það fari um klukkustund í hverja kennslustund. Tíminn sem fer í heimildaleitirnar er yfirleitt lengri en mjög breytilegur. Þess má geta að í desember kom út greinin: *Measuring speech intelligibility with deaf and hard-of-hearing children: A systematic review.* <https://doi.org/10.1093/deafed/enad054> þar sem starfsmaður safnsins, Inga Ágústsdóttir, er meðhöfundur en hún sá um að gera kerfisbundið yfirlit fyrir greinina.

Ekki er haldið bókhald yfir þá fjölmörgu sem njóta skemmri tilsagnar og leiðbeininga hjá starfsfólki safnsins.

Innlent samstarf

Helstu innlendu samstarfsverkefni

IRIS (Pure)

Verkefnastjóri bókasafnsins situr í stýrihóp upplýsingakerfis um rannsóknir fyrir hönd spítalans en Landsbókasafn-Háskólabókasafn hefur innleiðingu, umsjón og rekstur þess kerfis með höndum skv. ákvörðun Menntamálaráðuneytisins fyrirrennara Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Upplýsingakerfið sjálft nefnist PURE og er frá Elsevier. Notendaviðmót kerfisins nefnist IRIS (Icelandic Research Information System).

Aðgangur að IRISi var opnaður í júní 2022 að undangenginni mikilli vinnu við uppsetningu kerfisins eins og getið hefur verið um í fyrri skýrslum. Þeir hnökror sem í upphafi höfðu verið á móttöku gagna frá Landspítalanum heyrðu sögunni til á árinu. Með aukinni þekkingu þeirra sem vinna við kerfið hefur komið í ljós að sú uppsetning sem samið var um við eiganda kerfisins, eitt kerfi fyrir alla þátttakendur, hentar ekki

vel og er í raun hamlandi fyrir einstakar stofnanir. Hafnar eru samningaviðræður um að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hver stofnun verði sett upp sérstaklega. Niðurstaða þeirra viðræna verður ekki ljós fyrr en á árinu 2024. Verkefnahóp Landspítala vegna IRISar skipa Anna Sigríður Guðnadóttir á Heilbrigðisvísindabókasafni, Valgerður Backman, vísindadeild og Hulda Guðmundsdóttir hjá HUT. Undirhópar sem skipaðir voru á árinu 2021 héldu áfram störfum á árinu en þeir eru: Skráningarhópur (Halldór Marteinnsson frá bókasafninu; Upplýsingatæknihópur (Auður Ester Guðlaugsdóttir frá HUT) og hópur um rannsóknarstyrki og umsóknir (Valgerður Backman frá vísindadeild)

Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir munu verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir.

<https://iris.ra.is/is/organisations/landspitali-the-national-university-hospital-of-iceland>

Landsaðgangur að rafrænum gögnum

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá upphafi. Anna Sigríður verkefnastjóri safnsins situr í stjórnarnefnd. Á fundum nefndarinnar eru teknar ákvarðanir um endurnýjanir og eftir atvikum nýjar áskriftir eða uppsagnir.

Samstarf stjórnenda háskólabókasafna.

Anna Sigríður, verkefnastjóri Heilbrigðisvísindabókasafnsins tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi. Á þeim vettvangi eru tekin til umræðu ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna, s.s. bókasafnskerfið, stefnumótun um opinn aðgang, Íris upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv. Á vegum fyrrgreinds samstarfs stjórnenda háskólabókasafna eru starfandi hópar sem fjalla um upplýsingalæsi og rafbækur sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

Undir regnhlíf þessa samstarfs stjórnenda starfar hópur um opin vísindi/opinn aðgang. Hópurinn stóð fyrir hálf dags málstofu og fékk einnig erlenda sérfræðinga á sviðinu til að halda rafræna fyrirlestra í alþjóðlegri viku opins aðgangs í október. Markhópur málstofunnar, sem haldin var í Grósku miðvikudaginn 25. október, var ungir rannsakendur en erlendu fyrirlesararnir, sem fluttu sína fyrirlestra hina daga vikunnar, tóku fyrir fjölbreyttar hliðar opinna vísinda/opins aðgangs. Hópurinn fékk styrk úr Bókasafnasjóði til að standa straum af kostnaði og var aðgangur ókeypis. Verkefnastjóri Heilbrigðisvísindabókasafnsins tekur þátt í starfi þessa hóps.

Alma – Nýi Gegnir

Nýtt bókasafnskerfi á Íslandi var opnað sumarið 2022. Starfsfólk safnsins tekur þátt í ýmsum vinnuhópum sem styðja við virkni og framþróun kerfisins og notagildi þess fyrir safnið. Eins og við er að búast varðandi kerfi sem á að þjóna öllum tegundum bókasafna sem hafa mismunandi þarfir þá koma upp ýmis úrlausnarefni.

Samstarf við Landsbókasafn - Háskólabókasafn

Á árinu 2023 hélt áfram traust og reglulegt samstarf og samtali við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Auk þeirra verkefna sem talin eru hér að framan má nefna samstarf vegna árlegrar Verkefnavöku sem haldin er í Þjóðarbókhlöðu.

Samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri

Í september boðaði Heilbrigðisráðuneytið til fundar um hugsanlegt samstarf um áskriftir innan heilbrigðiskerfisins. Fundurinn var haldinn að frumkvæði Sjúkrahússins á Akureyri. Fundinn sátu ráðuneytisfólk, fulltrúar SAK og fulltrúar Heilbrigðisvísindabókasafnsins og Vísindadeildar LSH. Í framhaldssamtölum verkefnastjóra Heilbrigðisvísindabókasafns og deildarstjóra vísinda og menntunar hjá SAK var ákveðið að skoða vel hvort SAK gæti gengið inn í samninga Landspítala, að hluta eða öllu leyti. Sú vinna fór aðeins af stað en síðan ákváðu aðilar að fresta henni fram yfir áramótið 23/24 enda ekki gert ráð fyrir þeim útgjöldum á fjárhagsáætlun ársins 2024.

Erlent samstarf

Eins og komið hefur fram í fyrri ársskýrslum hefur bókasafnið verið þátttakandi í Evrópuverkefninu OpenAIRE frá árinu 2011. OpenAIRE hefur gengið út á að efla umræðu um og vinna að framgangi opinna vísinda (Open Science) í víðum skilningi. Árið 2021 varð breyting á uppsetningu verkefnisins, það stofnanavætt og gert að s.k. Legal Entity undir hatti European Science Cloud. Á þeim tímamótum tók Landsbókasafn-Háskólabókasafn við sem aðalfulltrúi í verkefninu en Landspítali varð s.k. aukafélagi (associate member). Á haustmánuðum 2023 tók Landsbókasafn þá ákvörðun að draga Ísland út úr verkefninu á grunni mikillar hækkunar á þátttökugjöldum. Nánari upplýsingar um OpenAIRE er að finna hér <https://www.openaire.eu/about>

Anna Sigríður Guðnadóttir hefur verið fulltrúi Íslands í EAHIL Council, sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna, frá árinu 2019. Skipunartíma hennar lauk á árinu. Nánari upplýsingar hér: <http://eahil.eu/about-eahil/council/>

Mannauður

Árið 2023 voru starfsmenn safnsins fjórir talsins í jafnmörgum stöðugildum eins og fjölmörg undanfarin ár. Bókasafns- og upplýsingarfræðingar voru þrír og einn bókmenntafræðingur.

Starfsfólk safnsins í árslok voru: Anna Sigríður Guðnadóttir verkefnastjóri safnsins, Halldór Marteinson, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Aðstaða safnsins í Eirbergi er óbreytt. Húsnæðið samanstendur af afgreiðslu, einu tvöföldu herbergi og einu lítlu herbergi þar sem bóksafns- og upplýsingafræðingar safnsins hafa sína vinnuaðstöðu og kennsluherbergi þar sem eru 6 notendatölvur. Þá hefur safnið litla geymslu inn af afgreiðslu.

Snemma árs flutti Aðgerðasvið, sambýlingar safnsins frá 2019, úr Eirbergi, enda sviðið lagt niður í skipulagsbreytingum. Ákvörðun var tekin um að húsnæðið sem Aðgerðasvið hafði nýtt yrði notað undir bókanleg fundarými og vinnurými, bæði bókanleg og opin, fyrir starfsfólk sem t.d. fer á milli starfsstöðva spítalans eða vantar aðstöðu í takmarkaðan tíma til að sinna ýmsum verkefnum.

Á árinu var skoðað hvort millisafnalánapáttur Gegnis myndi nýtast safninu. Í ljós kom að hann gerir það ekki. Beiðnir berst því í tölvupósti og starfsfólk safnsins færir þær inn í kerfið sem heldur utan um tölulegar upplýsingar um fjölda afgreiddra beiðna sem og upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána/greinakaupa sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega.

Engin ný tæki voru keypt né hugbúnaður.

Viðaukar

[Nýjar rafbækur, tímarit og bækur 2023.](#)

[Uppsagnir áskrifta.](#)

[Starfsemistöður.](#)

[Notkunartöður.](#)

Nýjar rafbækur:

Briggs Drugs in Pregnancy and Lactation: A Reference Guide to Fetal and Neonatal Risk. 12. Útg 2022

Palliative Care Formulary, hluti Medicines Complete (í áskrift)

Nýjar tímaritaáskriftir 2023:

BJPsych Advances
Clinical Journal of the American Society of Nephrology
Clinical Liver Disease
Hepatology Communications
Journal of Child and Adolescent Psychopharmacology

Prentaðar bækur keyptar 2023:

Pudner's Nursing the Surgical Patient. 4. útg. 2021

Uppsagnir áskrifta sem tóku gildi áramót 2022/2023:

Engar

Starfsemistöður

Lykiltölur	2023	2022
Afgreiddar greinar úr safnkosti		
Til starfsmanna ofl.	206	87
Til bókasafna - innlendra og erlendra	21	3
Samtals:	227	90
Aðfengnar greinar, bækur ofl. frá öðrum söfnum	97	100
Fjöldi útlána á safnefni	3	3
Fjöldi keyptra prentaðra bóka	1	4
Heimildaleitir fyrir starfsfólk	15	22
Einkakennsla (Fjöldi einstaklinga)	46	50
Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH	4	0
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og kynningum innan LSH	37	0
Kennslustundir f. HÍ	91	107
Fjöldi nema HÍ í kennslustundum	852	885
ÍRIS/PURE fjöldi greina í árslok	9.012	8.494
OpenAthens nýir notendur á árinu	392	449
OpenAthens fjöldi skráninga í árslok	1.910	1.408
OpenAthens innskráningar	5.786	5.523

Notkunartölur.

Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna	2023	2022
Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	844	1.351
American Academy of Pediatrics	1.061	1.304
American Academy of Neurology	427	410
ACP American college of Physicians (Annals of Internal Medicine)	386	471
AMA (JAMA +)	7.916	6.319
ASM	1.075	1.053
American Society of Neuroradiology (AJNR American Journal of Neuroradiology)	175	264
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	914	600
BMJ Journals	8.036	11.323
Cambridge University Press	552	725
Cell tímaritin	1.109	1.069
Ebsco Host**	3.206	3.764
Elsevier (séráskriftir og landsaðgangur)	50.048	45.939
European Respiratory Society	798	1.203
Karger*	994	1.001
Maryann Liebert	647	477
Lippincott Williams and Wilkins (LWW)	29.852	27.751
Mark Allen Group	599	595
Nature Publishing Group	7.225	9.812
NEJM	7.774	7.650
Journal of Rheumatology	92	86
Oxford University Press	6.829	7.619
ProQuest - rafræn tímarit**	642	660
PsycArticles	199	359
Rockefeller University Press	311	335
Sage publications ***	3.237	3.486
Science	705	696
Springer*	17.485	19.914
Taylor & Francis	5.457	6.012
Wiley	2.305	2.856
Wiley-Blackwell landsaðgangur*	17.735	18.925
Samtals:	178.635	184.029

* Landsaðgangur, beint frá útgefanda

** Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur

***Landsaðgangur beint frá útg.+ 1 séráskrift

Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna, framhald	2023	2022
Gagnasöfn *		
Best Practice (BMJ)	3.852	4.285
Cinahl (Ebscohost)	7.092	4.862
Cochrane Library	662	964
Global Health	157	273
Joanna Briggs	392	733
Natural Medicines	1.221	877
Ovid Medline	1.216	1.158
PsycInfo	1.922	1.529
Scopus	37.045	20.940
UpToDate	112.681	97.506
Micromedex	12.339	10.453
Samtals:	178.579	143.580

- ATH að notkunartölur milli gagnasafna eru alls ekki samanburðarhæfar

Rafbækur	2023	2022
Books@Ovid -title requests	292	223
Medicines Complete	7.704	4.948

